

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/60/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 298/08/COL frá 21. maí 2008 um viðurkenningu á ósýktum svæðum og viðbótarábyrgðir að því er varðar roðflyðrusníkil (<i>Gyrodactylus salaris</i>) í Noregi	1
2008/EES/60/02		Meint ríkisaðstoð við fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum	4
2008/EES/60/03		Framlenging á gildistíma aðstoðarkerfa til stuðnings framleiðslu á hljóð- og myndverkum og til stuðnings við kvikmyndafyrirtæki til 1. janúar 2009	5
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/60/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4996 – Carlson/Rezidor) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	6
2008/EES/60/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5244 – ZF/Cherry)	7
2008/EES/60/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5283 – Sappi/M-real)	8
2008/EES/60/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5328 – Goldman Sachs/Appliances Components Company, Bianchi Vending & Finder) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2008/EES/60/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (mál COMP/M.5338 – Barclays/Investcorp/N&W Global Vending)	10
2008/EES/60/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (mál COMP/M.5340 – King/Capvis III/KVT) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2008/EES/60/10	Ríkisaðstoð – Þýskaland – (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning um ríkisaðstoð afturkölluð, málsnúmer C 7/08 (áður N 655/07) – Ábyrgðarkerfi Saxlands vegna fjárfestingar- og rekstrarlána	12
2008/EES/60/11	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 27/08 (áður N 426/05) – Þýskaland – EverQ (viðbótaraðstoð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	12
2008/EES/60/12	Ríkisaðstoð – Svíþjóð – Málsnúmer C 33/08 (áður N 732/07) – Umfangsmikil aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í fyrirtækinu Volvo Aero-GENx – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	13
2008/EES/60/13	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Nýjar almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug á leiðunum Crotone–Milano Linate og Crotone–Róm Fiumicino	13
2008/EES/60/14	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Ný ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðinni Albenga–Róm Fiumicino (báðar leiðir).	14
2008/EES/60/15	Leiðrétting á tilkynningu frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Pantelleria–Trapani	14
2008/EES/60/16	Framlenging og breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á níu leiðum í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92.	15
2008/EES/60/17	Framlenging og breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á tíu leiðum í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92.	15
2008/EES/60/18	Leiðbeiningar um beitingu 81. gr. EB-sáttmálans gagnvart sjóflutningum	16
2008/EES/60/19	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/13/08 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa – Söluumboð sem dreifa evrópskum kvikmyndum á heimsmarkaði.	16
2008/EES/60/20	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/22/08 – Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa – Samvinna dreifenda í Evrópu – „Valvist“ styrkjakerfi	18

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/60/01

298/08/COL

frá 21. maí 2008

um viðurkenningu á ósýktum svæðum og viðbótarábyrgðir að því er varðar roðflyðrusníkil (*Gyrodactylus salaris*) í Noregi

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sem nefnist EES-samningurinn í því sem hér fer á eftir), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum staflíð d) í 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 4.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða,

með áorðnum breytingum, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 4.2.79 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í eldisdýrum, með áorðnum breytingum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE sendu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA hinn 8. desember 2006 umsókn um viðurkenningu á ósýktum svæðum og viðbótarábyrgðir að því er varðaði roðflyðrusníkil (*Gyrodactylus salaris*).

Mælt er fyrir um skilyrði, sem fullnægja ber til þess að unnt sé að lýsa yfirráðasvæði, eða einstaka hluta þess, ósýkt af roðflyðrusníkli (*Gyrodactylus salaris*), í I. kafla I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB.

Eftirlitsstofnun EFTA sendi stjórnvöldum í Noregi bréf 30. mars 2007 (skjalnr. 415801) með beiðni um ýmsar upplýsingar, meðal annars kort yfir viðkomandi vatnsföll og vatnasvið, sem tengdust umsókn þeirra um viðurkenningu á ósýktum svæðum og viðbótarábyrgðir að því er varðaði roðflyðrusníkil (*Gyrodactylus salaris*).

Eftirlitsstofnun EFTA barst 8. febrúar 2008 bréf frá stjórnvöldum í Noregi (skjalnr. 464407) með skýringum á atriðum sem nefnd voru í ofangreindu bréfi.

Endanleg skrá um viðkomandi vatnasvið í Noregi, sem enn voru talin sýkt af roðflyðrusníkli (*Gyrodactylus salaris*), barst Eftirlitsstofnun EFTA í tölvupósti dagsettu 17. apríl 2008 (skjalnr. 473856).

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið umsókn Norðmanna um að tiltekin svæði verði lýst ósýkt til athugunar í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Athuginin hefur sýnt að unnt er að lýsa meginland Noregs, að frátöldum vatnasviðunum sem talin eru upp í viðauka við ákvörðun þessa, ósýkt af roðflyðrusníkli (*Gyrodactylus salaris*) og að viðeigandi viðbótarábyrgðir samkvæmt 5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB eru fyrir hendi.

Eftirlitsstofnunin vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 271/08/COL.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Viðurkennt er að meginland Noregs, að frátöldum vatnasviðunum sem talin eru upp í viðauka við ákvörðun þessa, er ósýkt af roðflyðrusníkli (*Gyrodactylus salaris*).
2. Lifandi eldisfiskur, hrogn og svil, sem eru flutt til svæða á meginlandi Noregs, skulu vera í samræmi við þær ábyrgðir, þ.m.t. ábyrgð á umbúðum og merkingum, og þær sértæku viðbótarkröfur, sem mælt er fyrir um í heilbrigðisvottorðinu sem er útbúið í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB. Þessi skilyrði eiga ekki við þegar um ræðir hrogn sem eru flutt til ósýkts svæðis og ætluð eru til manneldis.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2008.
4. Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 21. maí 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud
Forseti

Kristján Andri Stefánsson
Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Fylki	Sveitarfélag	Vatnasvið
Buskerud	Lier	Lierelva
Buskerud	Drammen	Drammenselva
Vestfold	Sande	Sandevassdraget
Sogn- og Firðafylki	Lærdal	Lærdalselva
Mæri og Raumsdalur	Rauma	Innfjordelva
Mæri og Raumsdalur	Rauma	Isa
Mæri og Raumsdalur	Rauma	Skorgeelva
Mæri og Raumsdalur	Rauma	Raumavassdraget
Mæri og Raumsdalur	Gjemnes	Batnfjordselva
Mæri og Raumsdalur	Sunndal	Usma
Mæri og Raumsdalur	Sunndal	Litledalselva
Mæri og Raumsdalur	Sunndal	Drivavassdraget
Norður-Þrændalög	Steinkjer	Figga
Norður-Þrændalög	Steinkjer	Lundselva
Norður-Þrændalög	Steinkjer	Steinkjervassdraget
Norðurland	Vefsn	Hestdalselva
Norðurland	Vefsn	Halsanelva
Norðurland	Vefsn	Hundála
Norðurland	Vefsn	Vefsnavassdraget
Norðurland	Vefsn	Drevjavassdraget
Norðurland	Vefsn	Fustavassdraget
Norðurland	Leirfjord	Leirelvassdraget
Norðurland	Leirfjord	Ranelva
Norðurland	Leirfjord	Bardalselva
Norðurland	Vefsn	Sannaelva
Norðurland	Hemnes	Bjerka
Norðurland	Hemnes	Rösságavassdraget með Leirelva
Norðurland	Rana	Slettenelva
Norðurland	Rana	Ranavassdraget
Tromsfylki	Storfjord	Signaldalselva
Tromsfylki	Storfjord	Skibotnelva

Meint ríkisaðstoð við fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.**2008/EES/60/02****Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

Dagsetning ákvörðunar: 4. júní 2008

Málsnúmer: 60482

EFTA-ríki: Ísland

Hérað: –

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Meint ríkisaðstoð við fyrirtækið **Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.**

Lagaheimild: 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Rekstrarleyfi fyrir friðhafnarverslun

Markmið: –

Aðstoðarform: –

Fjárveiting: –

Aðstoðarhlutfall: –

Gildistími: –

Atvinnugreinar: –

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: –

Nánari upplýsingar: –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

Framlenging á gildistíma aðstoðarkerfa til stuðnings framleiðslu á hljóð- og myndverkum og til stuðnings við kvikmyndafyrirtæki til 1. janúar 2009**2008/EES/60/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar: 2. júlí 2008

Málsnúmer: 64823

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Framlenging á gildistíma aðstoðarkerfa til stuðnings framleiðslu á hljóð- og myndverkum og til stuðnings við kvikmyndafyrirtæki til 1. janúar 2009

Lagaheimild: Reglugerð um stuðning við framleiðslu á hljóð- og myndverkum frá 28. júlí 2005 og reglugerð um stuðning við kvikmyndafyrirtæki frá 18. september 2002, nr. 1017

Tegund aðstoðar: Styrkir

Markmið: Að efla menningarstarf

Aðstoðarform: Beinir styrkir

Fjárveiting: Heildarfjárveiting vegna aðstoðarkerfis til stuðnings framleiðslu á hljóð- og myndverkum er hér um bil 290 milljónir norskra króna á ári.

Fjárveitingar vegna stuðnings við kvikmyndafyrirtæki fara gegnum Kvikmyndasjóð Noregs.

Gildistími: Til 1. janúar 2009

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/60/04

(Mál COMP/M.4996 – Carlson/Rezidor)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Carlson Companies Inc. („Carlson“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu Rezidor Hotel Group AB („Rezidor“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlson: rekstur gistihúsa, ferðaskrifstofa og veitingahúsa
 - Rezidor: gistihúsarekstur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 256, 9. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4996 – Carlson/Rezidor, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5244 – ZF/Cherry)

2008/EES/60/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið ZF Friedrichshafen AG („ZF“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Cherry Corporation („Cherry“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ZF: framleiðsla og sala á girskiptingum, stýrisbúnaði og íhlutum í undirvagna ökutækja
 - Cherry: framleiðsla og sala á hnappaborðum, rofum, skynjurum og rafeindaíhlutum, einkum til notkunar í ökutækjaiðnaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 256, 9. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5244 – ZF/Cherry, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5283 – Sappi/M-real)

2008/EES/60/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. september 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem suður-afríska fyrirtækið Sappi Limited („Sappi“), öðlast með hlutfjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í starfsemi finnska fyrirtækisins M-real á sviði húðaðs pappírs og ýmissi tengdri starfsemi sama fyrirtækis.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sappi: framleiðsla á pappír og efnameðhöndluðu beðmi
 - M-real: framleiðsla á pappír og pappírsdeigi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 254, 7. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5283 – Sappi/M-real, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/60/07****(Mál COMP/M.5328 – Goldman Sachs/Appliances Components Company,
Bianchi Vending & Finder)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. september 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Goldman Sachs Private Equity Holding L.P., sem lýtur yfirráðum hins bandaríska Goldman Sachs Group Inc. („Goldman Sachs“), og einkafjárfestarnir Antonio Corbani og Ferdinando Gelosa öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítölsku fyrirtækjunum Appliances Components Companies SpA („ACC“), Bianchi Vending Group SpA („Bianchi“), Finder SpA („Finder“) og hópi fyrirtækja sem er undir stjórn þessara fyrirtækja.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Goldman Sachs: fjárfestingabanki og verðbréfafyrirtæki
 - ACC: framleiðir rafhreyfla í þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar og þjoppur í kælikápa til fyrirtækis- og heimilisnota
 - Bianchi: framleiðir sjálfsala
 - Finder: framleiðir dælur og síur til iðnaðarnota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 254, 7. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5328 – Goldman Sachs/Appliances Components Company, Bianchi Vending & Finder, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5338 – Barclays/Investcorp/N&W Global Vending)

2008/EES/60/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. september 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Barclays Private Equity SpA („Barclays“) og breska fyrirtækið Investcorp Investment Holdings Ltd. („Investcorp“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu N&W Global Vending SpA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Barclays: fjármálaþjónusta um allan heim
 - Investcorp: fjármálafyrirtæki með starfsemi víða um heim sem á m.a. Ceme, fyrirtæki sem framleiðir búnað til vökvastýringar
 - N&W Global Vending SpA: framleiðsla sjálfsala
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 256, 9. október 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5338 – Barclays/Investcorp/N&W Global Vending, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5340 – King/Capvis III/KVT)**

2008/EES/60/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. september 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið King Luxembourg S.á.r.l. („King“) og breska fyrirtækið Capvis General Partner III Ltd. („Capvis“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í svissneska fyrirtækinu Koenig Verbindungstechnik AG („KVT“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - King: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Capvis III: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - KVT: festi- og þanbúnaður til iðnaðarnota
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 255, 8. október 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5340 – King/Capvis III/KVT, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Þýskaland**2008/EES/60/10****(87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)****Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans
– Tilkynning um ríkisaðstoð afturkölluð, málsnúmer C 7/08 (áður N 655/07) –
Ábyrgðarkerfi Saxlands vegna fjárfestingar- og rekstrarlána**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn á ofangreindri aðstoð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans, sem hófst 13. febrúar 2008, með vísan til þess að stjórnvöld í Þýskalandi afturkölluðu tilkynningu um aðstoðina 29. ágúst 2008 og að þetta aðstoðarverkefni verður lagt niður.

Ríkisaðstoð – Þýskaland**2008/EES/60/11****Málsnúmer C 27/08 (áður N 426/05) – Þýskaland – EverQ (viðbótaraðstoð fyrir lítil
og meðalstór fyrirtæki)****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 253, 4.10.2008](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Svíþjóð**2008/EES/60/12****Málsnúmer C 33/08 (áður N 732/07) – Umfangsmikil aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í fyrirtækinu Volvo Aero-GENx****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 253, 4.10.2008](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Svíþjóð. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**2008/EES/60/13****Nýjar almannajónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug á leiðunum Crotone–Milano Linate og Crotone–Róm Fiumicino**

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, á grundvelli staflíðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins og í samræmi við 35. mgr. 52. gr. laga nr. 448 frá 28. desember 2001, að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á ofangreindum leiðum, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 241, 20.9.2008, bls. 20.

Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

2008/EES/60/14

Ný ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á leiðinni Albenga–Róm Fiumicino (báðar leiðir)

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við ákvarðanir sem teknar voru á sameiginlegri ráðstefnu undir forsæti Liguriahéraðs, að leggja á almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á ofangreindri leið á grundvelli staflíðar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 241, 20.9.2008, bls. 23.

Leiðrétting á tilkynningu frá framkvæmdastjórninni samkvæmt staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

2008/EES/60/15

Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um breytingar á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Pantelleria–Trapani

(Sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 230, 9.9.2008, bls. 17, og *EES-viðbæti* nr. 57/2008, bls. 23.)

Tilkynningin hljóði svo:

„Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að breyta almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á leiðinni Pantelleria–Trapani, sjá *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 112, 12.5.2006 sbr. breytingar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 141, 26.6.2007 og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 121, 17.5.2008.

Fargjöld breytast sem hér segir í samræmi við staflíð c) í lið 2.4 í almannaþjónustukvöðunum:

Flugleið	Nýtt fargjald (án VSK)
Pantelleria–Trapani, aðra leið	EUR 26,53

Önnur ákvæði almannaþjónustukvaðanna, sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 112, 12.5.2006, haldast óbreytt.“

Framlenging og breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í 2008/EES/60/16 tengslum við áætlunarflug á níu leiðum í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Stjórnvöld í Grikklandi hafa ákveðið að 1. apríl 2009 taki gildi framlenging og breyting, að hluta, á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á níu leiðum í Grikklandi í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Kvaðirnar voru upphaflega auglýstar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 164, 10.7.2002, og ákvæði um framlengingu og breytingu á kvöðunum birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 46, 24.2.2006.

Breytingar á almannaþjónustukvöðunum voru birtar í [Stjtið. ESB C 249, 1.10.2008, bls. 11.](#)

Hafi enginn flugrekandi tilkynnt grísku flugmálastjórninni (*Civil Aviation Authority, Directorate for Air Operations*) fyrir 28. febrúar 2009 að hann hyggist stunda áætlunarflug á einni eða fleiri ofangreindra leiða frá 1. apríl 2009 að telja án þess að þiggja fjárstyrk munu stjórnvöld á Grikklandi takmarka flugrekstur á einni eða fleiri þessara leiða við einn flugrekanda um þriggja ára skeið í samræmi við staflíð d) í 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til að halda úti slíku flugi frá 1. apríl 2009.

Þessar almannaþjónustukvaðir koma í stað þeirra sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 164, 10.7.2002, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 46, 24.2.2006 að því er varðar leiðirnar sem um getur í [Stjtið. ESB C 249.](#)

Framlenging og breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í 2008/EES/60/17 tengslum við áætlunarflugs á tíu leiðum í Grikklandi í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Stjórnvöld í Grikklandi hafa ákveðið að 1. mars 2009 taki gildi framlenging og breyting á almannaþjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug á tíu leiðum í Grikklandi í samræmi við staflíð a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Kvaðirnar voru upphaflega auglýstar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 239, 25.8.2001 (og *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 280, 4.10.2001, að því er varðaði frestun gildistöku), sbr. síðari breytingar (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* C 164, 10.7.2002, og *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* C 312, 17.12.2004, og C 177, 29.7.2006).

Breytingar á almannaþjónustukvöðunum voru birtar í [Stjtið. ESB C 249, 1.10.2008, bls. 14.](#)

Hafi enginn flugrekandi tilkynnt grísku flugmálastjórninni (*Civil Aviation Authority, Directorate for Air Operations*) fyrir 31. janúar 2009 að hann hyggist stunda áætlunarflug á einni eða fleiri ofangreindra leiða frá 1. mars 2009 að telja án þess að þiggja fjárstyrk munu stjórnvöld á Grikklandi takmarka flugrekstur á einni eða fleiri þessara leiða við einn flugrekanda um þriggja ára skeið í samræmi við staflíð d) í 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til að halda úti slíku flugi frá 1. mars 2009.

Þessar almannaþjónustukvaðir koma í stað þeirra sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 239, 25.8.2001, C 280, 4.10.2001, og C 164, 10.7.2002, og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 312, 17.12.2004, og C 177, 29.7.2006, að því er varðar leiðirnar sem um getur í [Stjtið. ESB C 249.](#)

Leiðbeiningar um beitingu 81. gr. EB-sáttmálans gagnvart sjóflutningum**2008/EES/60/18**

Í ofangreindum leiðbeiningum kemur fram hvaða sjónarmið framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur að leiðarljósi við skilgreiningu á mörkuðum og mat á samstarfssamningum í þeim greinum sjóflutninga sem verða fyrir beinum áhrifum af breytingum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006, en þær eru flutningar með áætlunarskipum, gestaflutningar og alþjóðleg skipaleiga.

Leiðbeiningunum er ætlað að gera fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja, sem veita þjónustu af þessu tagi, og þá fyrst og fremst til og/eða frá höfn eða höfnum í Evrópusambandinu, auðveldara að meta hvort samningar þeirra í milli samrýmist ákvæðum 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins („EB-sáttmálans“). Leiðbeiningarnar taka ekki til annarra atvinnugreina.

Leiðbeiningarnar þjóna sem viðbót við leiðsögn á þessu sviði sem fram kemur í öðrum tilkynningum frá framkvæmdastjórninni. Þar eð sjóflutningar einkennast af umfangsmiklum samstarfssamningum skipafélaga sem eiga í samkeppni eiga hér einkum við leiðbeiningar um beitingu 81. gr. EB-sáttmálans um lárétta samstarfssamninga og leiðbeiningar um beitingu 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans.

Leiðbeiningarnar eru gefnar út með fyrirvara um túlkun Dómstóls Evrópubandalaganna og undirréttar EB á 81. gr. EB-sáttmálans. Reglum, sem settar eru í leiðbeiningunum, verður beitt með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem eiga við í einstökum málum.

Þessum leiðbeiningum verður beitt af hálfu framkvæmdastjórnarinnar um fimm ára skeið.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 245, 26.9.2008, bls. 2.](#)

AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/13/08**2008/EES/60/19****Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa****Söluumboð sem dreifa evrópskum kvikmyndum á heimsmarkaði****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sameiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007–2013.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna sérstaklega dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

Umsækjendur verða að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins
- Einu af aðildarríkjum EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi
- Einu af ríkjunum sem bíða aðildar: Króatíu,
- Sviss

3. Styrkhæf starfsemi

Styrkjakerfið byggist á tveimur áföngum:

1. Hugsanleg styrkveiting er ákveðin í samræmi við árangur fyrirtækisins á Evrópumarkaði á tilteknu tímabili.
2. Styrkir eru bundnir við endurfjárfestingu: söluumboðin mega eingöngu nota styrkina til fjárfestinga
 - í réttindum til alþjóðadreifingar á kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda, til að mynda með því að ábyrgjast tiltekna útbreiðslu eða fyrirframgreiðslu, og/ eða
 - í sölu-, kynningar- og auglýsingakostnaði vegna nýrra kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

Verkefni mega ekki taka lengri tíma en 16 mánuði og styrkhæfur er aðeins sá kostnaður sem fellur til á þeim tíma.

4. Skilyrði fyrir úthlutun

Hugsanlega styrkveitingu til styrkhæfra söluumboða í Evrópu skal reikna á grundvelli árangurs sem þau hafa náð á Evrópumarkaði (þ.e. í löndum sem eiga aðild að áætluninni MEDIA 2007). Styrkir verða veittir sem „hugsanleg styrkveiting“, þ.e. fé sem söluumboðum er heimilt að nota til endurfjárfestingar í nýjum kvikmyndum sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

Þegar hugsanleg styrkveiting hefur verið reiknuð, skal framkvæmdastofnunin tilkynna hverjum styrkþega fjárhæð hugsanlegrar styrkveitingar sem hann getur nýtt til endurfjárfestingar.

Hugsanlega styrkveitingu má endurfjárfesta

1. í ábyrgð á tiltekinni útbreiðslu við dreifingu nýrra kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda,
2. í kynningarkostnaði (kynningareintökum/auglýsingum) vegna nýrra kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

5. Fjárveiting

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki 1 milljón evra, með fyrirvara um fjárveitingu á fjárhagsárinu 2009.

Styrkir geta ekki orðið hærri en sem nemur 60% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2008. Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

‘Education, Audiovisual and Culture’ Executive Agency
MEDIA Programme
Call for proposals – EACEA/13/08
FAO: Mr Constantin Daskalakis
BOUR 03/30
Avenue du Bourget 1
B-1040 Bruxelles/Brussel

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á viðeigandi umsóknareyðublöðum, rétt útfylltum, dagsettum og með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess.

Umsóknir, sem berast í símbréfi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Heildarupplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu/media>.

Umsóknir skulu fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í heildartexta auglýsingarinnar og þeim ber að skila á til þess gerðu eyðublaði ásamt öllum fylgiskjölum og upplýsingum sem farið er fram á.

AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/22/08

2008/EES/60/20

Styrkir vegna dreifingar evrópskra kvikmynda milli landa

Samvinna dreifenda í Evrópu – „Valvíst“ styrkjakerfi

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um að stofna til sameiginlegrar áætlunar til nokkurra ára um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði hljóð- og myndefnis árin 2007–2013 (MEDIA 2007).

Markmið áætlunarinnar MEDIA 2007 að því er varðar dreifingarfyrirtæki eru sem hér segir:

- a) að styrkja dreifingarstarfsemi í Evrópu með því að hvetja dreifingarfyrirtæki til að leggja fé í samframleiðslu, kaup og kynningu kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda og samhæfa markaðsstarf sitt, og
- b) að stuðla að meiri dreifingu evrópskra kvikmynda yfir landamæri, einkum með því að hvetja dreifendur til að leggja fé í viðeigandi kynningu og dreifingu kvikmynda sem eru framleiddar á vegum tveggja eða fleiri Evrópulanda.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem sinna sérstaklega dreifingu evrópskra kvikmynda á heimsmarkaði.

Umsækjendur verða að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins
- Einu EFTA- og EES-ríkjanna: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi
- Einu af ríkjunum sem bíða aðildar: Króatíu,
- Sviss

3. Styrkhæf starfsemi

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópuríkjunum sem stuðla með starfsemi sinni að dreifingu evrópskra kvikmynda, einkum fyrirtækja sem dreifa myndum í kvikmyndahús.

Verkefni mega ekki taka lengri tíma en 16 mánuði og styrkhæfur er aðeins sá kostnaður sem fellur til á þeim tíma. Frumsýningardag myndarinnar í kvikmyndahúsum á landsvæðunum, sem um ræðir, verður að bera upp í fyrsta lagi daginn sem umsóknarfrestur rennur út og í síðasta lagi 18 mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út í umsóknarlotunni sem upphaflegur hópur styrktra dreifenda lagði fram styrkumsókn.

4. Skilyrði fyrir úthlutun

Styrkja skal dreifingu kvikmynda sem framleiddar hafa verið fyrir eigi hærrí fjárhæð en EUR 15 milljónir á vegum hóps eigi færri en fimm dreifenda, þegar um ræðir kvikmyndir sem framleiddar hafa verið fyrir lægri fjárhæð en EUR 3 milljónir, og eigi færri en sjö dreifenda, þegar um ræðir kvikmyndir sem framleiddar hafa verið fyrir fjárhæð á bilinu EUR 3 milljónir til EUR 15 milljónir.

Eftirtalin atriði eru tekin til greina við úthlutun styrkja: Uppruni kvikmyndarinnar og í hvaða flokk hún fellur, hversu margir styrkhæfir dreifendur standa að umsókninni, og kvikmyndin verður að vera fyrsta eða annað verk leikstjórans.

Einkum skal hugað að því að styrkja framleiðslugetu í löndum sem standa höllum fæti að því leyti og/eða á litlum málsvæðum og landsvæðum.

5. Fjárveiting

Fé, sem er til ráðstöfunar í tengslum við þessa auglýsingu eftir tillögum, er að hámarki EUR 12 250 000. með fyrirvara um fjárveitingu á fjárhagsárinu 2009.

Styrkir geta ekki orðið hærrí en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur fyrir hverja umsóknarlotu um sig er 1. desember 2008, 1. apríl 2009 og 1. júlí 2009. Umsóknir skulu sendar á neðangreint póstfang:

Agence Exécutive «Éducation, Audiovisuel et Culture»
Programme MEDIA
Appel de propositions EACEA/22/08
Att. M. Constantin Daskalakis
BOUR 03/30
Avenue du Bourget 1
B-1040 Bruxelles/Brussel

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á viðeigandi umsóknareyðublöðum, rétt útfylltum, dagsettum og með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Heildarupplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu/media>.

Umsóknir skulu fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í heildartexta auglýsingarinnar og þeim ber að skila á til þess gerðu eyðublaði ásamt öllum fylgiskjölum og upplýsingum sem farið er fram á.